



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 15. júlí 2019

Ákvörðun nr. 23/2019

Samruni Advania Holding hf. og Wise lausna ehf.

I. Samantekt

Í máli þessu er gerð grein fyrir málalyktum rannsóknar á samruna Advania Holding hf. og Wise lausna hf. Undir meðferð málsins ákváðu samrunaaðilar að draga samrunatilkynningu sína til baka. Þannig ákváðu samrunaaðilar að láta ekki reyna frekar á hvort samruninn gæti náð fram að ganga, eftir að Samkeppniseftirlitið hafði kynnt þeim frummat sitt á mögulegum áhrifum samrunans. Greindu samrunaaðilar og Samkeppniseftirlitið opinberlega frá þessum málalyktum þann 18. júní 2019.

Vegna afturköllunar á samrunatilkynningu kom ekki til þess að eftirlitið þyrfti að taka endanlega afstöðu til áhrifa samrunans og eru því ekki efni til að aðhafast frekar í málinu.

Samkeppniseftirlitið aflaði ítarlegra gagna og upplýsinga við rannsókn sína. M.a. aflaði eftirlitið gagna frá samrunaaðilum sjálfum, framkvæmdi könnun meðal markaðsaðila og framkvæmdi auk þess ítarlega könnun á meðal viðskiptavina samrunaaðila. Þessi gögn og upplýsingar, ásamt öðrum þáttum rannsóknarinnar, renndu stöðum undir það frummat sem kynnt var samrunaaðilum.

Þótt samrunatilkynning í málinu hafi verið dregin til baka þykir rétt að gera með ákvörðun þessari nánari grein fyrir meðferð málsins og því frummati sem lá fyrir í málinu. Geta þessar upplýsingar haft þýðingu fyrir aðila á viðkomandi mörkuðum og viðskiptavinum þeirra.

II. Málavextir og málsmeðferð

Upphaf þessa máls má rekja til þess að þann 6. september 2018 barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem eftirlitið var upplýst um samruna Advania Holding hf. (hér eftir Advania) og Wise lausna ehf. (hér eftir Wise). Með bréfinu fylgdi jafnframt samrunaskrá. Með bréfi, dags. 14. september 2018, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin teldist fullnægjandi.



Á dögum 20. til 24. september 2018 sendi Samkeppniseftirlitið beiðni um umsögn vegna samrunans til alls 21 aðila. Í beiðninni var sérstaklega óskað eftir rökstuddum sjónarmiðum um lýsingu samrunaaðila á mörkuðum málsins og lýsingu samrunaaðila á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Alls bárust Samkeppniseftirlitinu umsagnir tíu aðila og voru þær afhentar Advania með tölvupósti þann 31. október 2018.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til Advania, dags. 10. október 2018, tilkynnti eftirlitið Advania að það teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga.

Þann 6. nóvember 2018 sendi Samkeppniseftirlitið gagnabeiðni til Advania vegna samrunans þar sem óskað var eftir að afhent yrðu innanhúsgögn Advania sem unnin hefðu verið vegna samrunans eða í tengslum við hann, sbr. reglur um upplýsingar sem fylgja eiga samrunaskrá. Var einnig óskað eftir afriti af gögnum sem unnin hefðu verið um markað málsins. Með gagnabeiðninni var jafnframt óskað eftir tekjuupplýsingum og ýmsum öðrum gögnum vegna rannsóknar samrunans. Svar Advania barst Samkeppniseftirlitinu 16. nóvember 2018.

Á dögum 7. til 16. nóvember 2018 sendi Samkeppniseftirlitið beiðni um upplýsingar til 18 fyrirtækja sem Advania hafði upplýst um að hefðu með höndum sölu á svokölluðum ERP-hugbúnaði (e. *Enterprise Resource Planning software*) á Íslandi. Í beiðninni var óskað eftir veltutengdum upplýsingum frá fyrirtækjunum auk sjónarmiða þeirra um að hvaða leyti erlend fyrirtæki veiti íslenskum fyrirtækjum samkeppnislegt aðhald við sölu á fjárhagskerfum og hvaða áhrif séraðlaganir hafi við sölu á fjárhagskerfum. Svör við upplýsingabeiðninni bárust á tímabilinu 9. nóvember til 18. desember 2018. Sambærileg upplýsingabeiðni var send til Advania með bréfi, dags. 6. nóvember, og til Wise þann 26. nóvember 2018. Þá framkvæmdi Samkeppniseftirlitið athugun, dagana 30. nóvember til 6. desember 2018, á meðal fyrrgreindra 18 fyrirtækja sem hafa með höndum sölu á ERP-kerfum á Íslandi. Markmið athugunarinnar var að afla sjónarmiða sem gætu gefið vísbendingar um mögulega staðgöngu á milli tiltekinnna flokka fjárhagskerfa. Alls bárust 16 svör.

Þann 30. nóvember 2018 átti Samkeppniseftirlitið fund með fulltrúum Advania. Markmið fundarins var að upplýsa Advania um framvindu rannsóknarinnar og stöðu hennar. Var m.a. upplýst af hálfu Samkeppniseftirlitsins að staða rannsóknarinnar á þeim tíma benti til þess að rétt væri að greina heildarmarkaðinn fyrir þróun og sölu hugbúnaðar í nokkra undirmarkaði. Voru samrunaaðilar upplýstir um að gögn málsins bentu til þess að skilgreining samrunaaðila á vöru-, þjónustu- og landfræðilegum markaði málsins væri of víðtæk.

Þann 18. desember 2018 sendi Samkeppniseftirlitið frummat með bréfi til samrunaaðila vegna upplýsingagjafar í samrunatilkynningu og síðari samskiptum. Sneri mat þetta einkum að upplýsingum í samrunaskrá um markað málsins og stöðu samrunaaðila á honum en töluvert misræmi var á milli upplýsinga í samrunaskránni og þeirra samtímagagna sem Samkeppniseftirlitið hafði aflað hjá samrunaaðilum vegna rannsóknarinnar. Var það frummat Samkeppniseftirlitsins að þessi upplýsingagjöf kynni að fela í sér brot á upplýsinga- og tilkynningarskyldu vegna samruna samkvæmt



samkeppnislögum, sbr. IX. kafli laganna. Var samrunaaðilum veittur frestur til föstudagsins 21. desember 2018 til að koma að sjónamiðum vegna þessa frummats.

Þann 21. desember 2018 barst Samkeppniseftirlitinu svarbréf frá Advania þar sem framangreindu frummati var mótmælt. Samrunaaðilar hafi þó í ljósi úrvinnslu gagnabeiðna og athugasemda Samkeppniseftirlitsins við upplýsingagjöf ákveðið að draga til baka samrunatilkynninguna frá 6. september 2018 og leggja fram nýja tilkynningu er tæki mið af þeim gögnum sem aflað hefði verið við rannsókn málsins og þeim sjónarmiðum er fram hefðu komið. Við þetta tímamark lauk því meðferð þess stjórnáslumáls sem hófst með tilkynningunni frá 6. september 2018.

Samkeppniseftirlitið hefur ekki lokið athugun á því hvort upplýsingagjöf Advania í fyrra stjórnáslumáli vegna samrunans hafi verið í samræmi við kröfur samkeppnislaga. Mun verða tekin afstaða til hennar í sjálfstæði stjórnáslumáli.

Með bréfi, dags. 14. janúar 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt á ný um kaup Advania á Wise. Með bréfinu fylgdi ný samrunaskrá með vísan til 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum. Var því um svokallaða lengri samrunatilkynningu að ræða. Vísuðu samrunaaðilar til þeirra fylgigagna sem fylgdu með fyrri samrunaskrá í meginatriðum.

Með bréfi, dags. 24. janúar 2019, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin teldist ófullnægjandi í skilningi 17. gr. a. samkeppnislaga, með þeim réttaráhrifum sem því fylgi, einkum að frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga, sbr. 9. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, hafi ekki byrjað að líða. Í bréfinu kom fram að Samkeppniseftirlitið hefði áður ítrekað, í bréfi til samrunaaðila dags. 18. desember 2018, mikilvægi þess að veittar séu fullnægjandi og réttar upplýsingar þegar samruni væri tilkynntur til eftirlitsins og í svörum samrunaaðila við upplýsingabeiðnum eftirlitsins. Í samrunaskrá hefðu samrunaaðilar lagt til markaðsskilgreiningu sem ekki væri unnt að fallast á að væri í samræmi við þau samtímagögn sem Advania afhenti Samkeppniseftirlitinu í nóvember 2018. Að mati Samkeppniseftirlitsins væri skilgreining samrunaaðila á mörkuðum málsins í samrunaskrá aukinheldur ekki í samræmi við framkvæmd samkeppnisyfirvalda, líkt og samrunaaðilar héldu fram. Að mati Samkeppniseftirlitsins væri um annmarka á samrunatilkynningu að ræða og uppfyllti hún að þessu leyti ekki kröfur samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 með síðari breytingum, sbr. VII. kafla viðauka I við reglurnar. Væri því óskað frekar rökstuðnings eða skýringa samrunaaðila fyrir því hvers vegna þeir teldu rétt að skilgreina markaðinn fyrir þróun og sölu hugbúnaðar með þeim hætti sem fram kæmi í samrunaskrá.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf frá samrunaaðilum, dags. 13. febrúar 2019 sem innihélt umbeðnar viðbætur við samrunaskrá ásamt þeim upplýsingum og skýringum sem Samkeppniseftirlitið hafði óskað eftir með bréfi til samrunaaðila dags. 24. janúar 2019. Með bréfinu, komu samrunaaðilar á framfæri viðbótum við samrunaskrána. Í bréfinu var þess freistað að gera enn betur grein fyrir mörkuðum málsins eins og þeir horfðu við samrunaaðilum. Í bréfinu var ítrekuð sú afstaða samrunaaðila að einstaka hugmyndir eða ummæli einstakra starfsmanna um markaðsgerð eða stöðu á markaði fælu hvorki í sér



afstöðu samrunaaðila á grundvelli heildstæðs mats á mörkuðum né uppfylltu þær skilyrði um bæði mat á lagaskilyrðum og hagfræðilegri greiningu. Könnun á fordæmum framkvæmdastjórnar ESB leiddi í ljós að markaðsskilgreiningar á hugbúnaðarmarkaði og mögulegum undirmörkuðum væru ekki meitlaðar í stein heldur tækju fremur mið af greiningu á viðkomandi samruna og mögulegum áhrifum hans á samkeppni. Þá væri einnig ljóst að framkvæmdastjórnin hefði stigið varlega til jarðar að því er varðar þrönga afmörkun einstakra undirmarkaða enda einkennist markaðir fyrir hugbúnað almennt af örri þróun. Þá töldu samrunaaðilar ljóst af ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að frekar hafi verið horft til þess að skilgreina landfræðilega markaðinn víðtækt í málum er varði hugbúnaðarmarkað þannig að hann nái að minnsta kosti til evrópska efnahagssvæðisins, ef til heimsins alls.

Með bréfi, dags. 15. febrúar 2019, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin teldist fullnægjandi og að frestir eftirlitsins til þess að rannsaka samrunann hefðu byrjað að líða frá og með 14. febrúar 2019. Við þetta tímamark hófst því nýtt stjórnáætlunarmál vegna rannsóknar samrunans.

Þann 1. mars 2019 sendi Samkeppniseftirlitið umsagnarbeiðnir til sömu hagsmunaaðila og leitað hafði verið til í fyrra máli.¹ Samkeppniseftirlitinu bárust að þessu sinni umsagnir frá sjö aðilum.

Með bréfi, dags. 13. mars 2019, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til að rannsaka frekar samkeppnisleg áhrif samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið átti fund með samrunaaðilum þann 27. mars 2019 þar sem þeim var stöðumat Samkeppniseftirlitsins vegna samkeppnislegra áhrifa samrunans sem byggði að mestu leyti á þeirri rannsókn sem fór fram á tímabilinu 6. september 2018 til 21. desember 2018, eða þar til fyrri samrunatilkynning samrunaaðila var afturkölluð. Frummat Samkeppniseftirlitsins á þeim tímapunkti benti til þess að sala, þróun og þjónusta fjárhagskerfa með miðlungs virkni væri sérstakur vörumarkaður í skilningi samkeppnisréttar, og að samruna Advania og Wise virtist fylgja samþjöppun á þeim markaði. Var þetta frummat kynnt með fyrirvara, þar sem málið, eðli máls samkvæmt, var á því stigi ekki fullrannsakað. Á fundinum og kjölfar hans boðaði Advania að fyrirtækið væri með til skoðunar að óska eftir sáttarviðræðum og að leggja fram tillögu að skilyrðum vegna samrunans.

Samkeppniseftirlitið sendi gagnabeiðni til Wise, dags. 10. maí 2019, vegna samrunans, þar sem þess var óskað að afhent yrðu innanhússgögn Wise sem unnin hefðu verið vegna samrunans eða í tengslum við hann, sbr. reglur um upplýsingar sem fylgja eiga samrunaskrá. Var einnig óskað eftir afriti af gögnum sem unnin hefðu verið um markað málsins. Umbeðin gögn bárust Samkeppniseftirlitinu á minnislykli 14. maí 2019.

¹ Þau fyrirtæki sem Samkeppniseftirlitið sendi umsagnarbeiðnir til eru Uniconta, Netbókhald, Regla, Stólpi, Dk, Fblausnir, Annata, Origo, Pupcove, Rue de Net, Þekking, Agrdynamics, Salescloud, Notando, Konto, Deloitte, KPMG, M7, SAGlobal, Nav.is, OneSystems, Expectus, Metadata, Hux, Ok, Reon, Veftorg, Síminn, Hugsmiðjan, Kolibri, Premis, RB, Sensa, Ávinningur, Fuglar, LS Retail, Sýn, Reykjavík, Vínbúðin, MS, Hampiðjan, Össur, Hafnarfjarðarbær, Ísafjarðarbær, Kópavogsbær, Samband, Lýsi.



MMR framkvæmdi könnun fyrir Samkeppniseftirlitið á meðal viðskiptavina samrunaaðila dagana 14. maí til 23. maí. Könnunin var vefkönnun sem send var út á [...]² netföng af listum sem samrunaaðilar höfðu tekið saman yfir viðskiptavini sína. Fjöldi svara var [...]³, eða sem svarar [35-40]% svarhlutfalli. Var könnunin einkum ætlað að varpa skýrara ljósi á markaði málsins og það hversu nánir keppinautar samrunaaðilar væru.

Á fundi með Advania þann 29. maí 2019 kynnti fyrirtækið tillögu sína að skilyrðum vegna samrunans. Í tillögunni fólst að Advania myndi skuldbinda sig til að selja sértengingar vegna fjárhagkerfa til keppinauta sinna, þ.e. tengingar við banka og tollayfirvöld, lausn vegna rafrænna reikninga og aðrar mikilvægar tengingar eða séraðlaganir. Að mati Advania voru skilyrðin til þess fallin að ryðja úr vegi aðgangshindrunum á markaði málsins. Tók Advania fram á fundinum að það væri mat fyrirtækisins að ekki væru forsendur til þess að leggja fram tillögur að skilyrðum í málinu sem lytu að gerð markaðarins (söluskilyrði).

Þann 4. júní 2019 sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilarum andmælaskjal þar sem komist var að þeirri frumniðurstöðu að samruninn hamlaði samkeppni og tilefni væri til íhlutunar vegna hans. Nánar er fjallað um andmælaskjalið og frumniðurstöðu þess í kafla III.

Þann 5. júní 2019 átti Samkeppniseftirlitið fund með Advania þar sem fjallað var um sáttatillögu fyrirtækisins. Á fundinum lýsti eftirlitið því frummati að framlagðar tillögur Advania að skilyrðum væri ekki til þess fallnar að leysa þau samkeppnislegu vandamál sem af samrunanum leiddu. Á fundinum kom fram af hálfu Advania að fyrirtækið hygðist taka það til skoðunar að kalla aftur tilkynninguna vegna samrunans í ljósi frummats Samkeppniseftirlitsins og þess að grundvöllur til sáttar virtist ekki vera fyrir hendi.

Samkeppniseftirlitsins barst bréf frá samrunaaðilum, dags. 18. júní 2019, þar sem tilkynningin frá 13. febrúar 2019 var formlega dregin til baka.

III.

Nánar um frummat Samkeppniseftirlitsins og lok málsins

Þann 4. júní 2019 sendi Samkeppniseftirlitið málsaðilum andmælaskjal vegna samrunans. Andmælaskjal er ritað á grundvelli 17. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 í þeim tilgangi að auðvelda málsaðilum að nýta andmælarétt sinn áður en ákvörðun er tekin í málinu í samræmi við stjórnslulög nr. 37/1993 og stuðla að því að rétt ákvörðun verði tekin. Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins var komist að þeirri frumniðurstöðu að kaup Advania á öllu hlutafé í Wise röskuðu samkeppni.

Í samrunaskrá frá 14. janúar 2019 kom fram að samrunaaðilar starfi báðir á upplýsingatæknimarkaði og byggðu samrunaaðilar á því að áhrifa samrunans myndi gæta á tveimur mörkuðum, annars vegar á alþjóðlegum markaði fyrir þróun og sölu hugbúnaðar og hins vegar á alþjóðlegum markaði fyrir hýsingu og rekstur tölvukerfa.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.



Að frummati Samkeppniseftirlitsins gerði eftirlitið ekki athugasemdir við skilgreiningu samrunaaðila á markaði fyrir hýsingu og rekstur tölvukerfa. Að frummati Samkeppniseftirlitsins var þó ekki unnt að fallast á markaðsskilgreiningu samrunaaðila á markaði fyrir þróun og sölu hugbúnaðar. Það var frummat eftirlitsins að samrunaaðilar starfi báðir á sérstökum vöru- og þjónustumarkaði fyrir þróun, þjónustu og sölu á fjárhagskerfum (ERP-kerfum) sem mætti skipta í undirmarkaði eftir virkni hugbúnaðarins; takmarkaða virkni⁴, miðlungs virkni⁵ og yfirgripsmikla virkni⁶.

Frummat þetta byggði á fordæmum erlendra samkeppnisyrvalda, upplýsingum sem aflað var frá fyrirtækjum á markaðnum og tengdum mörkuðum, athugun sem Samkeppniseftirlitið gerði á meðal fyrirtækja sem selja fjárhagskerfi annars vegar og könnun sem eftirlit lét framkvæma á meðal viðskiptavina samrunaaðila hins vegar, og samtímagögnum frá samrunaaðilum. Þá var það frummat Samkeppniseftirlitsins að framangreindur markaður væri landfræðilega afmarkaður við Ísland. Byggði sú frumniðurstaða m.a. á mikilvægi sértenginga og séraðlagana á íslenska markaðnum, niðurstöðu athugunar á meðal fyrirtækja á markaði, könnunar á meðal viðskiptavina samrunaaðila auk þess sem önnur gögn málsins studdu hana, þ. á m. samtímagögn frá samrunaaðilum.

Í andmælaskjalinu var það frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn raskaði samkeppni með alvarlegum hætti. Markaðshlutdeild benti til þess að um væri að ræða mikilvæga keppinauta á markaði fyrir þjónustu og sölu á fjárhagskerfum. Hlutdeild hins sameinaða fyrirtækis í sölu og þjónustu fjárhagskerfa með miðlungs virkni væri á bilinu [55-60]-[60-65]%. Veitti það há hlutdeild löglíkur fyrir því sameinað fyrirtæki yrði í markaðsráðandi stöðu. Ef horft væri til samanlagðrar hlutdeildar hins sameinaða fyrirtækis í sölu og þjónustu fjárhagskerfa með takmarkaða og miðlungs virkni var hún það há, eða um [40-45]-[45-50]%, að hún veitti vísbendingar um mjög sterka stöðu þess og þá sérstaklega í ljósi þess að sá keppinautur sem yrði næststærstur yrði með um [25-30]-[25-30]% hlutdeild og sá þriðji stærsti á bilinu [5-10]-[5-10]%. Var það því frummat Samkeppniseftirlitsins að markaðsráðandi staða yrði til eða styrktist í kjölfar samrunans og að hann hefði í för með sér verulega samþjöppun á markaðnum fyrir fjárhagskerfi. Ætti þetta einkum við fjárhagskerfi með miðlungs virkni.

Þá kom fram í andmælaskjalinu að niðurstöður útreikninga á HHI stuðlum gæfu til kynna að samruninn myndi í heild hafa verulega samþjöppun í för með sér, hvort sem litið væri til eins heildarmarkaðar eða þá ef aðgreint væri á milli kerfanna eftir virkni. Áhrif samrunans væru mest í tilviki fjárhagskerfa með miðlungs virkni en þar hækkaði HHI um 1.528 stig. Ef horft væri til sölu og þjónustu fjárhagskerfa án aðgreiningar eftir virkni hækkaði HHI um 819 stig. Samruni slíkra öflugra keppinauta á samþjöppuðum

⁴ Fjárhags-, viðskipta-, upplýsinga- og bókhaldskerfi með takmarkaða virkni eru fyrst og fremst ætluð einyrkjum og minni fyrirtækjum. Dæmi um kerfi sem fallið geta hér undir eru kerfi frá Stólpa, Reglu, netbokhald.is, TOK bókhald o.fl.

⁵ Fjárhags-, viðskipta-, upplýsinga- og bókhaldskerfi með miðlungs virkni eru fyrst og fremst ætluð millistórum fyrirtækjum sem starfa s.s. á sviði heildsölu, smásölu og dreifingar. Dæmi um kerfi sem fallið geta hér undir eru t.d. Microsoft Dynamics NAV.

⁶ Fjárhags-, viðskipta-, upplýsinga- og bókhaldskerfa með yfirgripsmikla virkni eru fyrst og fremst ætluð framleiðslufyrirtækjum og stórum fyrirtækjum með umsvifamikinn rekstur, jafnvel í mörgum löndum. Dæmi um kerfi sem fallið geta hér undir eru t.d. Microsoft Dynamics AX, Oracle og SAP.



mörkuðum væri að öllu jöfnu til þess fallinn að raska samkeppni með alvarlegum hætti. Samtímagögn frá samrunaaðilum þóttu styðja framangreindar ályktanir en í þeim var m.a. fjallað um sterka eða ráðandi stöðu Wise og hins sameinaða fyrirtækis.

Þá var það frummat Samkeppniseftirlitsins að fjárhagsupplýsingar um rekstrartekjur, eignir og eigið fé samrunaaðila annars vegar og helstu keppinauta hins vegar, gæfu til kynna sterka efnahagslega stöðu Advania á hinum skilgreinda markaði og að samruninn myndi styrkja þá stöðu Advania enn frekar og breikka bilið á milli sameinaðs fyrirtækis annars vegar og minni aðila á markaðnum hins vegar. Efnahagslegur styrkleiki styrkti stöðu þess og gæti stuðlað að skaðlegum áhrifum á samkeppni.

Niðurstöður könnunar meðal viðskiptavina samrunaaðila, sem Samkeppniseftirlitið lét framkvæma í maí 2019, leiddu í ljós há tilfærsluhlutföll (e. *Diversion ratios*) á milli samrunaaðila. Niðurstöður könnunarinnar, sem og samtímagögn sem Samkeppniseftirlitið aflaði frá samrunaaðilum, gáfu til kynna að Advania og Wise væru nánir keppinautar sem veiti hvorum öðrum talsvert samkeppnislegt aðhald. Gögnin þóttu jafnframt veita sterkar vísbendingar um að Wise væri mikilvægur og öflugur keppinautur sem myndi hverfa af samkeppnismarkaði málsins í kjölfar samrunans, kæmi hann til framkvæmda. Af þeim sökum væri það jafnframt frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn raskaði samkeppni með umtalsverðum hætti að öðru leyti.

Þá leiddi rannsókn Samkeppniseftirlitsins jafnframt í ljós að á meðal viðskiptavina væri lítil hreyfing á milli sölu- og þjónustuaðila fjárhagskerfa, mikilvægt væri að öflugir keppinautar væru til staðar á markaðnum, og brotthvarf Wise sem sjálfstæðs keppinautar myndi skerða valmöguleika viðskiptavina fjárhagskerfa til þess að skipta um sölu- og þjónustuaðila. Það gæfi að frummati Samkeppniseftirlitsins vísbendingar um að geta viðskiptavina til að skipta um birgja væri takmörkuð.

Komist var að þeirri frumniðurstöðu að hvatar sameinaðs fyrirtækis til að selja sértengingar og aðrar sérlausnir til keppinauta myndu minnka í kjölfar samrunans. Loks var það frummat Samkeppniseftirlitsins að ekki væri unnt að fallast á sjónarmið samrunaaðila um að engar aðgangshindranir væru að markaði fyrir þróun, sölu og þjónustu fjárhagskerfa (ERP-kerfa). Endurspegladist það m.a. í þróun markaðshlutdeildar á markaðnum á undanförunum árum.

Í samræmi við framangreint var það frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn myndi hindra virka samkeppni og kalla á íhlutun á grundvelli 17. gr. c. samkeppnislaga.

Líkt og áður kom fram lagði Advania undir meðferð málsins til tiltekin hegðunarskilyrði vegna samrunans. Skilyrðin fólust í því að Advania myndi skuldbinda sig til að selja sértengingar vegna fjárhagskerfa til keppinauta sinna, þ.e. tengingar við banka og tollayfirvöld, rafræna reikninga og aðrar mikilvægar tengingar eða séraðlaganir. Vegna tímafresta í málinu var ekki unnt að taka afstöðu til tillögunnar í andmælaskjalinu. Því var samrunaaðilum veittur frestur til 7. júní 2019 til að setja fram frekari rökstuddar tillögur um skilyrði og frestur til 18. júní 2019 til að svara andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins. Frekari tillögur að skilyrðum eða athugasemdir bárust ekki frá samrunaaðilum.



Í kjölfar frekari samskipta og í ljósi frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá samrunaaðilum, dags. 18. júní 2019, þar sem tilkynningin frá 13. febrúar 2019 var dregin til baka.

Með vísan til framangreinds liggur fyrir að samruni sá sem tilkynntur var eftirlitinu þann 14. febrúar 2019 hefur gengið til baka. Af þeim ástæðum eru ekki forsendur til að aðhafast frekar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson